

Samtökin Hollvinir RÚV

kt. 411203-2390

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Hafnarfirði 16. desember 2008

Efni: Umsögn Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Ríkisútvarpið ohf, 218. mál.

Ofangreint frumvarp hefur borist samtökunum til umsagnar og gera þau eftirfarandi athugasemdir:

Hollvinir Ríkisútvarpsins setja sig ekki í grundvallaratriðum upp á móti því að einhverjar skorður verði settar á auglýsingatekjur og eru hlynntir því að tekið verði fyrir svonefnda „kostun“, einnig að verulegar skorður verði settar við auglýsingum sem beinast að börnum. Þó virðist nokkuð langt gengið að leyfa ekki lengri auglýsingatíma en þrjár og hálf mínútu á hverri klukkustund og skera þannig verulega niður tekjur RÚV. til þess eins að gefa einkastöðvum aukið olnbogaráymi.

Meginatriði er að Ríkisútvarpið verði styrkt, ekki veikt eins og gerðist þegar um þremur tugum starfsmanna var sagt upp störfum nýverið. Sjaldan eða aldrei hefur verið jafnmikil þörf fyrir sterkt Ríkisútvarp og nú en það verður ekki eftir nema með því að tryggður verði nægur mannskapur til að sinna dagskrárgerð, fréttum og fréttatengdu efni og það kostar peninga. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra hefur sagt á Alþingi að hún vilji sterkt ríkisútvarp og við treystum því að hún meini það. En Ríkisútvarpið verður ekki eftir með því að halda því í fjársveldi.

Hollvinir RÚV. hafa efasemdir um gjald það sem nefnt hefur verið „nefskattur“ og telja að með því verði álögur stórauknar á fjölda fólks. Spurning er hvort ekki væri rétt að hafa tvenns konar nefskatt, hærri fyrir svonefnda „lögaðila“. Áætlað er að hann skili um 600 milljónum króna til viðbótar því sem afnotagjöldin gera nú en takmarkanir á auglýsingum þýði hins vegar 3-400 milljóna króna tekjurýrnun þannig að þessi nýja innheimtuaðferð styrkir RÚV. ekkert, nema síður væri. Nefskatturinn hefði þurft að fara í 20 þúsund krónur til þess að ná markmiðum ákvæðis um hann í núverandi útvarpslögum, að mati stjórnenda RÚV. sjálfra.

Hrun Ríkisútvarpsins, sem nú er staðreynd, var löngu fyrirséð. Bent var á það árið 2006 að skuldir væru að sliga stofnunina og eigið fé hennar væri að brenna upp. En ekkert var gert til þess að koma í veg fyrir að það gerðist.

Þvert á móti voru samþykkt lög sem breyttu ríkisstofnun í opinbert hlutafélag. Það var sagt gert til þess að unnt væri að bæta reksturinn. En þetta var gert: Laun yfirmanna voru hækkuð stórlega og nýir starfsmenn ráðnir að Sjónvarpinu á mun hærri launum en tíðkast annars. Eftir að íslensku bankarnir hrundu var þremur tugum starfsmanna sagt upp og laun annarra lækkuð (ekki hefur heyrst af launum yfirmannanna).

Stærsti skuldabaginn á Rúv. er lífeyrisskuldbindingar vegna starfsmanna, sem lagðar voru á stofnunina árið 1995; stórt lán var tekið þegar Sjónvarpið var flutt í Efstaleiti 1999 og á árunum 1996-2006 hækkuðu afnotagjöld Rúv. talsvert minna en verðlag og laun. Af þessum lánum eru greiddar gríðarlegar afborganir með peningum sem með réttu ættu að renna til dagskrárgerðar og Ríkisútvarpið hefur tapað öllu eigin fé sínu og skuldarnar aukast óðum.

Í umræðum á Alþingi fyrir í desember lét Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra svo um mælt í tilefni fyrirspurnar að ef til vill væri rétt að þessum skuldum yrði létt af Rúv., t.d. með því að ríkið leysti til sín húsið við Efstaleiti. Þetta þykir Hollvinum Ríkisútvarpsins góð tillaga og hvetur menntamálaráðherra eindregið til að hafa frumkvæði að því. Í öllu falli þykir Hollvinum óréttmætt að Ríkisútvarpið burðist með þennan fortíðararf og benda má á að lífeyrisskuldbindingum hefur verið létt af opinbera hlutafélaginu Flugstöðum, sem setur ákveðið fordæmi.

Í þessu nýja frumvarpi er gert ráð fyrir mikilvægu hlutverki útvarpsréttarnefndar en við leggjum mikla áherslu á að það verði mjög vel skilgreint og ekki síður útvarpsþjónusta í almannabágu svo réttindi og skyldur Ríkisútvarpsins fari ekki á milli mála. Nefna má í þessu samhengi að innan stjórnar Hollvina Rúv. hefur verið rætt um að útvíkka samtökin með því að fá til samstarfs fulltrúa samtaka launafólks og atvinnurekenda, einnig Háskólann, Reykjavíkurakademíuna og etv. fleiri stofnanir til þess að veita Ríkisútvarpinu aðhald og hvatningu eftir því sem við á og efna til umræðna um hlutverk almannaútvarps, tilgang þess og eðlis. Slíkar stjórnarnefndir eru raunar hluti af yfirstjórn almannaútvarpsstöðva í ýmsum löndum.

Að endingu viljum við koma á framfæri þeirri eindregnu ósk okkar að tækifærið verði notað við þessa lagabreytingu til þess að breyta Rúv. aftur í ríkisstofnun. Við teljum að Ríkisútvarpinu yrði betur borgið þannig í því efnahagsástandi sem nú ríkir og almennt má segja að jafnvel við eðlilegt efnahagsástand geti rétt rúmlega 200 þúsund greiðendur afnotagjalds vart haldið sómasamlega uppi einum slíkum fjölmiðli, hvað þá þremur. Því teljum við brýnt að tryggt verði að í það minnsta ein sjónvarpsstöð geti starfað með nokkurri sæmd á meðan ástandið er eins og það er. Vegna tungu okkar og menningar er okkur nauðsynlegt að halda úti fjölmiðlun af þessu tagi en öllum hlýtur að vera það ljóst að betra sé að reka sæmilega öflugt ríkisútvarp en hætta á að það ásamt einni eða fleiri einkastöðvum verði hvorki fugl né fiskur, eins og nú virðist stefna í. Samkeppni í þessu efni er ágæt en hún má ekki leiða til þess að allir tapi. Við höfum fengið nóg af slíkri samkeppni.

Fyrir hönd stjórnar Hollvina RÚV
Þorgrímur Gestsson